

## **Fundargerð starfsþróunarnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og þeirra stéttarfélaga innan BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum**

Fundur starfsþróunarnefndar haldinn 5. nóvember 2018 að Borgartúni 30, Reykjavík kl. 9:30.

Mætt voru: Frá BSRB, Arna Jakobína Björnsdóttir. Frá ASÍ, Árni Steinar Stefánsson. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Berglind Eva Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

### **1. Mat á námi aðstoðarmatráðs í grunnskóla. Mál 3, fundur 24**

Lögð fram að nýju beiðni um mat á 200 klst. námi í „Educational and training program“. Starfsmaður er aðstoðarmatráður í grunnskóla.

Kallað hefur verið eftir frekari upplýsingum um námið frá viðkomandi sveitarfélagi.

### **2. Nám aðstoðarmanns í eldhúsi/mötuneyti. Mál 4, fundur 24**

Lögð fram að nýju beiðni um mat á námi í rekstrarfræði 1 frá frumgreinabraut á Bifröst. Starfsmaður er aðstoðarmaður í eldhúsi/mötuneyti.

Kallað hefur verið eftir frekari upplýsingum um námið frá Háskólanum á Bifröst.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 4% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.3.

### **3. Nám verkefnastjóra tómsundamála. Mál 5, fundur 24**

Lögð fram beiðni um mat á náminu „Máttur kvenna“. Starfsmaður er Verkefnastjóri tómsundamála.

Kallað hefur verið eftir frekari upplýsingum um starfsheiti starfsmanns frá sveitarfélaginu og upplýsingum um kennslustundafjölda frá Háskólanum á Bifröst.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að námið uppfylli skilyrði ákvæða gr. 10.2.1 og að starfsmaður eigi rétt á 2% persónuálagi.

### **4. Mat á námi starfsmanns í leikskóla. Mál 7, fundur 24**

Lögð fram beiðni um mat á námi úr erlendum skóla. Starfsheiti er starfsmaður í leikskóla.

Óskað var eftir mati á náminu frá Enic Naric. Að þeirra mati telst námið sambærilegt lokaprófum á þriðja þrepi framhaldsskóla á Íslandi, þrepi 3 í hæfniramma um íslenska menntun.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 4% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.3.

**5. Mat á námi starfsmanns á heimili fyrir fatlað fólk II**

Lögð fram beiðni um mat á nokkrum námsleiðum starfsmanns á heimili fyrir fatlað fólk II.

Frekari upplýsinga aflað og máli frestað.

**6. Mat á námi stuðningsfulltrúa 2**

Lögð fram beiðni um mat á ART námskeiði og námi úr Skrifstofuskólanum. Starfsmaður er stuðningsfulltrúi 2.

Samþykkt að óska eftir frekari upplýsingum um ART námskeiðið.

**7. Skýrsla nefndar**

Lögð fram drög að skýrslu starfsþróunarnefndar.

**8. Launaskólinn**

Lögð fram til kynningar, drög að endurskoðun námsþátta Launaskólans.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30

Næsti fundur verður haldinn 19 . nóvember k. 9:30